

Aðalfundur Foreldrafélags Grunnskóla Fjallabyggðar

Miðvikudaginn 15. maí 2019, kl. 20, á Siglufirði

Mættar voru: Diljá Helgadóttir, formaður, Björk Óladóttir, Katrín Freysdóttir, ritari, Erla Gunnlaugsdóttir, skólastjóri og Ása Björk Stefánsdóttir, aðstoðarskólastjóri. Þá mættu einnig 3 foreldrar.

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara: Erla Gunnlaugsdóttir var kosin fundarstjóri og Katrín Freysdóttir, fundarritari.
2. Formaður las skýrslu stjórnar og var hún samþykkt, án athugasemda. Umræður sköpuðust um framkvæmd jólaföndurs, sem stjórnin hefur séð um að panta. Kom fram ábending að kannski væri sniðugt að foreldrafélagið myndi einnig koma sér upp lager af áhöldum til að föndra. Stjórnin ætlar að skoða það. Þá fékk félagið hrós fyrir kaup á endurskinshúfum, sem dreift var til allra nemanda.
3. Reikningar félagsins voru lagðir fram af formanni félagsins og voru þeir samþykktir.
4. Kosning stjórnar. Stjórnarkonur buðu sig fram til áframhaldandi setu, að Katrínu Freysdóttur undanskyldri, sem óskaði eftir að hætta. Guðrún Linda Rafnsdóttir bauð sig fram til setu í stjórninni og var það samþykkt.
5. Skoðunarmenn reikningar. Sigurlaug Ragna Guðnadóttir og Hugborg Inga Harðardóttir voru kosnar skoðunarmenn reikninga.
6. Skýrsla fulltrúa í skólaráði. Björk Óladóttir situr í skólaráði fyrir hönd stjórnar. Þar sem starfi skólaráðs er ekki lokið, þetta skólaárið, verður skýrslan birt inn á heimasíðuskólans, þegar störfum er lokið.
7. Kosning fulltrúa í skólaráð. Björk Óladóttir gaf kost á sér til áframhaldandi setu og var það samþykkt.
8. Önnur mál.
 - a. Skólastjóri hrósaði starfi félagsins, fyrir drifkraft þess og dugnað.
 - b. Ábending kom frá skoðunarmanni reikninga hvort ekki mætti skoða þjónustugjöld hjá banka, fannst þau full há, í ljósi starfsemi félagsins.
 - c. Rætt var um tilvonandi fyrirlesara og þá sem komið hafa og haldið erindi.

Fundið slitið kl. 20:25

Katrín Freysdóttir